

KARLAR

Dæmisaga

Í tilefni þess, að þetta verður síðasti pistillinn minn fyrir jóla, ætla ég ekki einu sinni að bera það við að vera fyndin. Ég ætla þvert á móti að vera grafalvarleg.



eftir Bryndís Schram

Auk þess ætla ég ekki einu sinni að fjalla um karla. (Þið getið þess vegna látið þessu loklið hér, kærur vinir.) — Og þó. Fyrri hlutinn fjallar um karl, en rúsinan í pylsuendanum er þó hún amma mín. Hún hefur síðasta orðið og er það vel við hæfi.

Það eru líðin meira en þrjátíu ár síðan ég kynntist tengdaföður mínum (þarf ég að nefna nafnið hans?). Hann var þá einhver umdeildasti stjórn-málamaður á Íslandi. Ég hafði að vísu séð myndir af honum í Morgunblaðinu og lesið um hann skæting og nið í því sama blaði. En ég man ekki núna, hvort ég trúði því, sem ég las, eða hvort það snerti mig yfirleitt. Þó leyni ég því ekki, að mér stóð hálfgerður stuggur af honum þegar við hittumst í fyrsta sinni. (Það var reyndar við Hafnarfjarðarbryggju). — Kommi, bolsi, skepna, lygari, óþverri — eflaust hafa öll þessi orð komið upp í huga mér. Ég hafði lesið þau í Bláðinu (blaðið allra landsmanna svo oft). En auðvitað voru þetta bara orð án merkingar, því að ég vissi ekki, hvern mann hann hafði að geyma, fyrr en ég hafði tekið í hönd honum, horft í augu hans og setið til borðs með honum nokkrum sinnum. Eftir það lét ég allan róg og nið lönd og leið.

En auðvitað fór ekki hjá því að rógurinn af síðum dagblaðanna síaðist inn á heimilín, inn í eldhúskrókinn. Þar var hann borinn á borð með morgunkaffinu, síðdegiskaffinu og jafnvel líka með kvöldkaffinu. Kókur voru óþarfar, því að ekkert rennur ljúflegar niður en slúðursögur, gómsætar og krassandi.

Amma var enn á lifi, þegar þetta var. Hún bjó meira að segja hjá mér um tíma. Hún hafði líka kynnt tengdaföður mínum. Amma var sívinnandi. Hún vann sér inn pening með því að þrjóna þelmujúka nærboli, hlýja vettlinga og sokka og mynstruð sjól fyrir konur úti í bæ. Þegar hún hafði pressað og pakkað þessum falletgu flikum, lagði hún af stað gangandi bæjarenda á milli til þess að skila af sér. Oftast var henni boðið upp á kaffi í eldhúskróknum. Þar sat heimilisfólkið og talaði um landsins gagn og nauðsynjar. Oftan ekki barst talið að tengdaföður mínum. Og eflaust hefur fólkið haft lúmskt gaman af því að stríða gömlu konunni, láta hana hafa það óþvegið um þennan nýja fjölskyldumeðlim hennar.

Einhverju sinni hafði hún mátt sitja óvenjulengi undir kjaftavaðlinum og hlusta á fólkið smjatta á slúðursögum. „Og hvað segir þú nú, Manga mín, um þennan mann?“ spurði húsmóðirin loksins. — Ekki stóð á svarinu hjá henni ömmu minni: „Ég er búin að þekkja þennan mann í nokkur ár, og það segir mér alveg nóg um hann, að ég hef aldrei heyrt hann tala svona um nokkra manneskju, eins og þið hafið talað um hann hér í dag.“ — Og þar með var hún farin. — Þarf ég nokkru við að bæta?

BRÚÐHJÓN VIKUNNAR

Vildu gifta sig heima áður en þau flýðu land!

Brúðhjón vikunnar að þessu sinni eru Helena Svanhvít Brynjólfsdóttir og Hafni Már Rafnsson. Brúðkaup þeirra var á laugardaginn fyrir viku, en þau Helena og Hafni vildu gifta sig hér heima á Íslandi áður en þau færu burt af landinu, því þau eru á förum til Svíþjóðar, Hafni raunar farinn. Þau tilheyra nefnilega ört stækkandi hópi Íslendinga sem er bókstaflega að flýja land vegna síversnandi lífsskilyrða hér á landi. Þau vita ekki hvað Svíþjóðardvöl þeirra verður löng, þó a.m.k. fimm ár. En allt fer það eftir því hvernig ástandið heima fyrir þróast. Þau eru Íslendingar og vilja búa hér, en geta það ekki.

Helena er 23 ára gömul heima-vinnandi húsmóðir, hugsar um börn þeirra, Lindu Karen sem er tveggja ára og Sigríði Brynju sem er fimm mánaða. Fyrir átti Hafni 3 ára dóttur, Marin Ósk, sem er þriggja ára. Hafni er 27 ára gamall lærður rennismiður. Hann fer nú að vinna hjá Volvo-verksmiðjunum í Gautaborg. Þau Helena og Hafni kynntust fyrst árið 1986 er þau störfuðu bæði í Vélsmiðjunni Héðni. Vinátta þeirra þróaðist smám saman, þeim leist strax vel hvoru á annað, að því er Helena segir, en „hann var eitthvað upptekinn af sendlunum í Héðni og því fórum við hægar af stað en ella,“ segir Helena. Þau hafa nú búið saman í um það bil ár og ákváðu að fara í hnapphelduna þrátt fyrir að „fjárhagur fólks versni bara við það,“ eins og Helena komst að orði. Og þau vildu ganga frá þessum málum áður en þau færu til Svíþjóðar vegna óvissunar um hversu löng dvöl þeirra ytra verður.

Leið svo að stóra deginum. Helena fór í snyrtingu og hárgreiðslu og síðan ákváðu þau að ljúka myndatökunni af Hafni

sótti vöndinn, en sat þar fyrir utan að mestu heima fyrir og reyndi að slaka á. Þau höfðu leigt sér borðalagða limósínu og rétt fyrir klukkan 15.30 þeytti hún horn heima hjá þeim. Glæsibíreiðin flutti þau til Langholtskirkju þar sem sr. Sigurður Haukur Guðjónsson gaf þau saman. Var athöfnin stöðluð, einföld og vel heppnuð og úti víðraði vel.

Limósínan beið fyrir utan kirkjuna og er guðshúsið tæmdist stigu hin nýbökðu hjón upp í vagninn, sem fór í u.þ.b. 20 mínútna ökuferð um miðbæ Reykjavíkur á meðan 70 til 80 brúðkaupsgestir komu sér fyrir í einum veislusala Hótel Sögu. Er heiðursgestirnir renndu í hlað hófst veislan sem „heppnaðist æðislega vel“ eins og Helena orðaði það. Er gleðskapurinn stóð sem hæst báðu forráðamenn hótelsins um orðið og afhentu brúðhjónunum fallett grenitré, sem sett verður niður á skikka fyrir utan hótelið, þar sem fleiri slík tré verða sett niður um ókomin ár, en Hótel Saga hyggst gefa slíkt tré öllum brúðhjónum sem halda dag sinn hátíðlegan í þeirra húsum.



„Þegar veislunni var lokið fórum við Hafni upp á Grillið á Sögu og borðuðum þar kvöldmat og síðan beið svítan okkar, en hún var fagurlega skreytt blómum. Svo fengum við einnig heimsókn nokkurra vina upp í svítu,“ segir Helena. Og hún sagði að lokum að brúðkaupsferð stæði ekki fyrir dyrum nema ef hægt væri að tala um brúðkaupsferð til Svíþjóðar.

Brúðkaupið var á laugardegi, en á mánudagsmorgni fór Hafni til Gautaborgar. Íbúðarmálin í Svíaríki voru óleyst enn, þótt atvinnan biði. Helena vonast til þess að komast út fyrir jóla, því nógu illt hefði verið að sjá af bónda sínum svo fljótt eftir brúðkaupið að ekki bættist við að þurfa ef til vill að halda jóla án hans. Það væri dálaglegt...

LEIKHÚS

„Leikhús í tösku“ segir af jólasvein-um á barnaheimilum borgarinnar

Leikhús í tösku heitir all sérkennilegt leikhús hér í borg. Það tók til starfa nýverið og er eftirspurnin eftir verki þess slík að bókaðar eru 50 sýningar í desember. Aðstandandi stendur nú frammi fyrir því að vísa frá sér beiðnum eftir sýningum. Eftir jóla mun eftirspurnin hins vegar hrapa og vart taka við sér á ný fyrr en hallar að jólum að ári.

Aðstandandinn er leikkonan Þórdís Arnljótsdóttir og hún flytur verkið „Björt og jólasveinarnir“ á barnaheimilum og dagvistunarstofnunum borgarinnar. Morgunblaðið ræddi við Þórdís og hún var spurð um tilurð verksins og um hvað það fjallaði.

„Þetta er barnaverk, rúmlega hálf tíma langt og miðar að því að lýsa gömlum rammislenkum jólum fyrir börnunum. Ég hef lengi dreymt um að reyna þetta, en ekki látið verða af því fyrr en nú. Ég verð að segja að ég er undrandi á móttökunum. Verkið fjallar um litla

stúlku sem heitir Björt. Hún strýkur að heiman, en er jólasveinar verða á vegi hennar á flakkinu hrökklast hún skelkuð undan. Gömul kona verður þá á vegi hennar og tekur hana heim með sér, býður henni kakósopa, en Björt fer að spyrja margs um jólasveina og jóla.

Gamla konan svarar spurningum hennar, en þær spanna rækilega gömul jóla og flest kemur fram. Ég leik allar figúrurnar sjálf, breyti röddu þegar á þarf að halda. Krakkarnir eru svo niðursokknir að þeim



Þórdís Arnljótsdóttir.

finnst það ekkert óeðlilegt. Sjálf mega þau taka þátt í leikritinu með spurningum frá eigin brjósti. Það er lítil yfirbygging á þessu, ég er með sauðskinnsskó, gæru, platnef, ask, potta og pönnu, pils og gamla skyrtu og lopapeysu. Svo lítið að það rúmast í eina ferðatösku. Þess vegna kalla ég þetta Leikhús í tösku,“ segir Þórdís.

En hvernig áhorfendur eru börnin? „Þau eru frábær. Ég hefði aldrei trúað því að þetta yrði jafn skemmtilegt og raun ber vitni. Þau láta mann finna það hvað þeim finnst hvort sem það er jákvætt eða neikvætt og þau eru svo nákvæm að undrun sætir. Ég var til dæmis að leika bjúgnakræki fyrir nokkru og dró upp pulsu. Þá heyrðist út í sal, iss, þú ert bara með pulsu en ekki bjúgu. Annars er svo mikið að gera, að segja má að ég lifi á skyri og bjúgum þessa daganna, því auðvitað er ég að borða þetta dót í sýningunni og sýningarnar eru svo þéttar að það er enginn matartími hjá mér,“ segir Þórdís.



Grýla gengur í salinn og æsingurinn leynir sér ekki.